

## Umsókn um framkvæmdaleyfi

Dags.: 19.03.2024

Skipulags- og byggingadeild  
B/t Rúnar Guðmundsson  
skipulagsfulltrúi Árborgar

### Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna vatnslagnar í Austurvegi (1), Selfossi. Verknr. 2401371.

Framkvæmda- og tæknideild Árborgar óskar f.h. Vatnsveitu Árborgar eftir leyfi til að leggja nýja vatnslögn í Austurvegi (1) á Selfossi.

Um er að ræða Ø280 vatnslögn, sem mun liggja frá gatnamótum Austurvegar og Heiðmerkur, að gatnamótum Austurvegar og Laugardælavegar (3020). Lögnin yrði lögð um 1-2 m frá nyrðri kantsteini Austurvegar, ásamt ídráttarrörum fyrir fjarskipti.

Um er að ræða framhald af framkvæmdum við stofnlögn vatnsveitu sem unnið var í á árunum 2015-2016.

Áætlaður framkvæmdatími er sumar 2024.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að styrkja dreifikerfi vatnsveitu á Selfossi. Á meðfylgjandi merkingaplani er gert ráð fyrir að verkið verði unnið í tveimur hlutum. Gert er ráð fyrir að loka nyrðri akgrein Austurvegar og beina umferð til vesturs eftir stofngötum á Selfossi.

Umferð um Laugardælaveg yrði beint í gegnum planið hjá Austurvegi 69.

Á lokunarplani eru ekki sýndar hjáleiðir vegna gangandi og hjólandi vegfarenda, en stefnt er á að tryggja aðgengi þeirra í samráði við verktaka, t.d. með bráðabirgða göngubrúum

Allar þær nauðsynlegu öryggisráðstafanir sem gera þarf á vinnusvæðinu meðan verk er í vinnslu, mun framkvæmdaefirlit verkkaupa sjá til að verði útfærðar í samráði við verkkaupa og verktaka.

Við allar öryggisráðstafanir, svo og vörslu og lýsingu svæðisins, skal verktaki fara eftir gildandi reglum Vinnueftirlits ríkisins, svo sem Reglugerð um aðbúnað og hollustuhætti á byggingarvinnustöðum nr. 547 frá 1996, Leiðbeiningar um vinnuvernd nr. 2 frá 1990, Öryggi við skurðgröft og gryfjur og birtutöflur frá Vinnueftirliti ríkisins frá 1993.

Sjá meðfylgjandi gögn frá Eflu verkfræðistofu er tilheyra verkinu ásamt gögnum til Vegagerðarinnar.

F.h. Vatnsveitu Árborgar

---

Sigurður Ólafsson  
deildarstjóri framkvæmda- og tæknideild